

66. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn föstudaginn 27. febrúar 2009 kl.19:30 á heimili Helgu Tuliníus í Drápuhlíð.

Mætt: Helga Tuliníus, Hildur Gestsdóttir, María J. Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Bjarni Reykr Kristjánsson og Sigurlaug Hauksdóttir.

Aðalfundur Félags Alnæmisbarna 2009

Ákveðið að halda aðalfund Alnæmisbarna 19. mars kl.16:30 – 18 í sal ÍSOR á Grensásveginum. Boða verður til aðalfundar með viku fyrirvara fyrir lok marsmánaðar. Ragna ætlar að kanna hvort salurinn sé á lausu á þessum tíma, standa fyrir kaffiveitingum og kanna hvort Hjalti Franzson sé til í að vera fundarstjóri og Halldór Ármannsson ritari. Ingibjörg flytur skýrslu stjórnar. Þær Ingibjörg, María og Sigurlaug ætla að segja frá ferð sinni til Úganda í nóv/des. 2008. Þær skipta með sér verkum við það.

Bjarni og María hafa óskað eftir því að fara úr stjórn Alnæmisbarna einnig Helga fáist einhver góður í hennar stað. Í ár eru það þau þrjú sem geta gengið úr stjórn, en á næsta ári hinir fjórir stjórnarmeðlimirnir þar sem kosið er til tveggja ára í senn. Sigurlaug ætlar að tala við Ásdísi Ólafsdóttur að hún komi inn í stað Bjarna, María ræðir við Gylfa Pál Hersir og Hildur kannar þann þriðja. Æskilegt væri að nýjir stjórnarmeðlimir geti sinnt vinnu sem gjaldkeri og við heimasíðugerð.

Ákveðið að selja hálsfestar á aðalfundinum sem stúlkurnar á CLF hafa búið til og Afríkufararnir þrír tóku með sér til Íslands.

Gögn send frá CLF, sjá gögn lögð fram

Fjöldi gagna hefur borist frá Rosette, framkvæmdarstjóra Candel Light Foundation (CLF, m.a. bréf þar sem fram kemur að CLF hefur fengið leyfi sem fullgild frjáls félagasamtök (NGO) til þriggja ára. Fyrri leyfi slíkrar fullgildingar hafði runnið út um mitt árið 2007.

Önnur gögn sem hún hefur sent eru:

Candle Light Foundation (CLF) Fundraising Drive 2009, Work Plan and Budget 2009 og CLF Annual Report 2008. CLF: School Fees and Requirements for Term One 2009, bréf frá Rosette til stjórnarmeðlima CLF og annað bréf frá henni með nafn fyrirtækis sem endurskoðar reikninga Bernard Mukooli and Company.

Tengsl við félagið The Great Valley Children's Centre

Franskur maður, Guillaume Montbobier, sem kvaðst vera alþjóðlegur tengslaráðgjafi, hafði samband við þær Ingibjörgu og Sigurlaugu og bað um að formlegum tengslum og samstarfi yrði komið á milli Alnæmisbarna, CLF og The Great Valley Children's Centre í Kampala. Óskað var eftir því að setja link þessarar samtaka inn á heimasíðu Alnæmisbarna sem var hafnað. Beðið var um að samstarfi á milli

CLF og þessarrar samtaka yrði jafnframt komið á svo börn þess gætu haldið áfram í námi á CLF eftir að grunnskólagöngu þeirra lyki. Samþykkt var að upplýsa Rosette, framkvæmdarstjóra CLF, um þennan áhuga þeirra og að hún tæki síðan ákvörðun um að þyggja eða hafna slíku samstarfi. Ingibjörg lætur báða þessa aðila vita um ákvörðun okkar.

Sala í Kolaporti

Hildur ætlar að kanna hvort hægt sé að fá bás í Kolaportinu helgina 28. og 29. mars því þá er kompuhelgi. Stendur þá til að selja hálsfestarnar sem stúlkurnar á CLF hafa búið til og senda þeim síðan um hæl ágóðann af sölu þeirra. Einnig selja barnafötin sem félagsmenn gáfu fyrir síðustu Kolaportaferð og ennþá liggja fyrir ásamt kertum sem kertahópur Alnæmisbarna hafa búið til.

Staða peningamála

Vegna efnahagsferfiðleika í hinu íslenska samfélagi á undanförunum mánuðum þar sem hin íslenska króna hefur m.a. lækkað mikið í verðgildi verður Gefðu skjól-verkefnið í N-Úganda lagt á ís í bili. ABC-barnahjálpi hefur verið tilkynnt um það. Öll fjáröflun okkar verður eins og er einungis að beinast að þeim skuldbindingum sem við erum nú þegar með í CLF þ.e. að greiða skólagöngu stúlkanna sem fara í hina almennu skóla. Smálánasjóðurinn endurnýjar sig sjálfur með þeim vöxtum sem greiddir eru af lánunum. Ef vel ætti að vera þyrfti að fá í 20-30 styrktaraðila í viðbót. Um 30 manns greiða fast í mánuði hverjum og hafa einungis 1-2 styrktarmeðlimir hætt frá upphafi.

Í kertasjóðnum eru núna um kr. 280.000,-. Hann hefur verið nýttur til ferðalaga og efniskaupa. Ákveðið að nota þetta fjámagmagn í reksturinn verði þörf á því þegar líða tekur á árið.

Ingibjörg ætlar að kanna hvernig barnapössun CLF þetta árið er háttað þar sem það kom ekki fyrir í áætlanagerð CLF fyrir árið 2009. Hún lætur síðan Rögnu vita upp á mögulega styrkveitingu Zontaklúbbsins Emblu fyrir barnapössunina.

Það kom fram hugmynd um að búa til bækling einhvern tíma í framtíðinni sem þarf alls ekki að kosta mikið.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar